SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 133/31*
*komudagur 2.11.2006*

Selfossi, 2. nóvember 2006
*0610008SA ÞH*

**Nefndasvið Alþingis**
**Austurstræti 8 - 10**
**150 Reykjavík**

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 220. mál, óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð**

Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga hefur borist erindi frá Félagsmálanefnd Alþingis, dags. 19. október 2006, þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um lögheimili og skipulags- og byggingarlög, 220. mál, óheimil skráning lögheimilis í frístundabyggð.

Stjórn SASS hefur samþykkt eftirfarandi umsögn:

„Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga tekur eindregið undir efni frumvarpsins og hvetur Alþingi til að samþykkja það óbreytt, enda er frumvarpið mjög í anda þeirra athugasemda sem Samtök sunnlenskra hafa gert eftir að dómur féll í Hæstarétti í apríl 2005 þess efnis að heimilt væri að skrá lögheimili í frístundabyggð. Til þess að árétta mikilvægi þessa máls fyrir sunnlensk sveitarfélög óskar stjórn SASS eftir því að fulltrúar hennar fái að koma á fund félagsmálanefndar til að gera nánari grein fyrir sjónarmiðum samtakanna í þessu máli."

Umsögninni er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS

Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

| Aðsetur – Address: | Símar – Telephone: | Myndsendir – Fax: | Netfang – E-mail: | Kennitala – Id.no.: |
| --- | --- | --- | --- | --- |
| Austurvegur 56<br>800 Selfoss<br>Iceland | 482 1088<br>482 1350 | 482 2921 | sass@sudurland.is | 480775-0159 |